

LÖG

um breyting á lögum um Landhelgisgæslu Íslands,
nr. 25 22. apríl 1967.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 15. gr. laganna, sbr. lög nr. 142/1998, fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

26. maí 2001

Nr. 65

LÖG

um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31 14. apríl 1993.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „Vígslumaður“ í 2. málsl. 3. mgr. 13. gr. laganna kemur: Könnunarmaður.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

- a. Á eftir 1. másl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra skulu þó ávallt annast könnun á hjónavígsluskilyrðum ef annað hjónaefna eða bæði eiga ekki lögheimili hér á landi.
- b. Í stað orðsins „hún“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: könnunin.
- c. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ekki skal taka gjald fyrir útgáfu könnunarovottorðs.
- d. Við bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:
Nú eiga ákvæði 9. gr. lögheimilislaga, nr. 21/1990, við um hagi hjónaefnis og telst það þá ekki hafa glatað lögheimili hér á landi þótt það hafi tilkynnt flutning samkvæmt Norðurlandasamningi um almannaskráningu.
- e. Í stað orðanna „vígslumaður“ og „vígslumanns“ í 2. mgr. kemur: könnunarmaður, og: könnunarmanns.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „vígslumanns“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: könnunarmanns.
- b. Í stað orðanna „fjögurra mánaða“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: 30 daga.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2001.

*Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

Nr. 66

26. maí 2001

LÖG**um breyting á lögum um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna verður svohljóðandi:

Iðgjaldsstofn bænda og maka þeirra, sem starfa að búrekstri, skal vera reiknuð laun þeirra í landbúnaði samkvæmt ákvæðum laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Með búrekstri í þessu sambandi er átt við búrekstur samkvæmt atvinnugreinanúmerum 01, jarðrækt og garðyrkju, þ.m.t. ylrækt og búfjárrækt, og 02, skógrækt, í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT 95, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.4, 01.5 og 02.02. Iðgjald þeirra bænda og maka þeirra sem reikna sér ekki laun en þiggja laun frá einkahlutafélagi eða öðrum lögaðila sem rekur bú, sbr. 1. mgr. 2. gr., skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa til þeirra vegna búrekstrar, sbr. 3. gr. laga nr. 129/1997, um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Iðgjald sjóðfélaga skv. 1. mgr. 2. gr. skal vera 4% af iðgjaldsstofni skv. 1. mgr. þessarar greinar. Á móti iðgjaldi sjóðfélaga skal greitt mótframlag sem skal vera 50% herra en iðgjald skv. 1. másl. Mótframlag skal greitt af sjóðfélaga sé ekki samið um greiðslu þess úr ríkissjóði í búvörusamningi eða með öðrum sambærilegum hætti.

Greiðsla iðgjalds og mótframlags skv. 2. mgr. skal fara fram mánaðarlega og skulu gjalddagar vera tíundi dagur næsta mánaðar eftir launatímabil og eindagi 30 dögum síðar. Stofn til innheimtu á mánaðarlegu iðgjaldi bænda og maka þeirra, sem starfa að búrekstri og reikna sér laun, skal miða við reiknað endurgjald í hverjum mánuði eins og það er ákveðið skv. 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 1. másl. 6. mgr. Liggja ekki fyrir upplýsingar um reiknað endurgjald yfirstandandi árs skal miðað við laun næstliðins tekjuárs. Einkahlutafélög og aðrir lögaðilar sem reka bú, sbr. 3. másl. 1. mgr., skulu standa skil á iðgjaldi fyrir alla menn sem að búrekstrinum starfa, sbr. 1. mgr. Greiðandi skal sundurliða iðgjöld eftir sjóðfélögum.

Sjóðurinn annast innheimtu iðgjalda. Á greiðsludögum beingreiðslna samkvæmt búvörulögum skal, þrátt fyrir 1. másl. 3. mgr., halda eftir af þeim iðgjaldi þeirra sjóðfélaga sem beingreiðslna njóta fyrir næstliðinn mánuð og skila því til sjóðsins eigi síðar en 30 dögum eftir að það er greitt og skal það sundurliða eftir sjóðfélögum og tímabilum.

Sé iðgjald ekki greitt á eindaga eða sé það vangreitt skulu reiknast hæstu leyfilegu dráttarvextir samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands á þá fjárhæð sem vangoldin er frá gjalddaga til greiðsludags.